



Bæklingarnir tólf fjalla um búfjáráburð, smára í túnrækt, nautgriparækt, skógrækt, loftslagsmál, orku í landbúnaði, endurheimt vistkerfa, jarðrækt, lífræna landgræðslu, sauðfjárrækt, skjólbelti og tilbúinn áburð.



Í bæklingnum um smára í túnrækt er fjallað vítt og breitt um ræktun smára í túnum. Smári minnkar þörf fyrir tilbúinn áburð við túnrækt þar sem í rótarhnyðum hans eru bakteríur sem binda köfnunarefni (N) úr andrúmsloftinu og það nýtist sem áburður fyrir túnin.



Í bæklingnum um nautgriparækt er áhersla á metanið sem myndast við iðragerjun gripanna. Myndræn framsetning á hringrás metans frá nautgripum, ásamt lýsingu á góðum búskaparháttum sem leiða til minni metanlosunar, eru í forgrunni. Í lok bæklingins eru teknar saman aðgerðir sem nautgripabændur geta byrjað strax að vinna að og leiða til minni losunar metans.

Loftslagsvænn landbúnaður

Loftslagsvænn landbúnaður er verkefnisemmiðaraðþví að bændur auki þekkingu sína á sjálfbærni og loftslagsmálum í landbúnaði.

Bændur í verkefninu setja sér markmið og draga úr losun gróðurhúsalofttegunda frá landbúnaði og vegna landnýtingar, ásamt því að auka kolefnisbindingu í jarðvegi og gróðri. Verkefnið hefur verið starfrækt frá árinu 2020 en á þeim tíma hefur mikil þekkingaröflun átt sér stað, bæði hjá þátttökubændum og starfsmönnum verkefnisins.

Vefsíðan www.loftslagsvaennlandbunadur.is var opnuð á dögum þar sem þekkingu sem hefur orðið til í verkefninu er miðlað til bænda og almennings sem hefur áhuga á landbúnaði. Þar má finna fræðsluefni og myndbönd um loftslagsmál, umhverfismál, náttúruvernd og sjálfbæra landnýtingu.

Samhliða opnun vefsíðunnar var gert einkennismerki fyrir Loftslagsvænan landbúnað. Ingibjörg Berglind, grafískur hönnuður hjá Cave Canem, hannaði það. Landbúnaðurinn umvefur jörðina og samspilið þeirra á milli þarf að vera heiðarlegt og loftslagsvænt til þess að jörðin nái einnig að umvefja landbúnaðinn. Til þess að við þrífumst á jörðinni þarf landbúnað, og til þess að jörðin haldist heilbrigð þarf landbúnaðurinn að fara vel með auðlindir hennar.

Á vefsíðunni eru tólf fallegir bæklingar myndskreyttir af Ingibjörgu Berglindi hjá Cave Canem, sem einnig hannaði einkennismerki verkefnisins. Þeir eru settir saman af sérfræðingum Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins og Lands og skóga og byggja á þeim aðgerðum þátttökubænda í Loftslagsvænum landbúnaði, sem hafa skilað árangri. Hver bæklingur er sjálfstæður og fjallar um leiðir til þess að gera búskapinn loftslagsvænn. Einnig er farið yfir hvaða búrestrar- og vistfræðiávinningur fæst sem aukaávinningur af ráðleggingunum.

Bæklingarnir tólf fjalla um búfjáráburð, smára í túnrækt, nautgriparækt, skógrækt, loftslagsmál, orku í landbúnaði, endurheimt vistkerfa, jarðrækt, lífræna landgræðslu, sauðfjárrækt, skjólbelti og tilbúinn áburð.

Í bæklingnum um smára í túnrækt er fjallað vítt og breitt um ræktun smára í túnum. Smári minnkar þörf fyrir tilbúinn áburð við túnrækt þar sem í rótarhnyðum hans eru bakteríur sem binda köfnunarefni (N) úr andrúmsloftinu og það nýtist sem áburður fyrir túnin. Með því minnkar þörf á aðkeyptum áburði. Ræktun smára hefur einnig jákvæð áhrif á jarðveg, getur aukið lífrænt innihald hans og bætt jarðvegsbygginguna. Ítarlegar leiðbeiningar eru um hvernig rækta á smára og svo hvernig á að meðhöndla hann þannig að árangur verði sem bestur.

Í bæklingnum um nautgriparækt er áhersla á metanið sem myndast við iðragerjun gripanna. Myndræn framsetning á hringrás metans frá nautgripum, ásamt lýsingu á góðum búskaparháttum sem leiða til minni

metanlosunar, eru í forgrunni. Í lok bæklingins eru teknar saman aðgerðir sem nautgripabændur geta byrjað strax að vinna að og leiða til minni losunar metans. Á vefnum er Íslandskort þar sem hvert og eitt þátttökubú í verkefninu segir sína sögu, hvort sem þau eru að hefja vegferð sína til loftslagsvæns búskapar eða hafa verið í verkefninu lengur. Þegar ýtt er á punktana á kortinu er farið inn á undirsíðu hvers bæjar. Þar eru þátttakendur og bærinn þeirra kynntir til leiks. Þátttakendur segja frá því hvað loftslagsvænn landbúnaður hefur gert fyrir þá og kynna sínar helstu loftslagsaðgerðir.

Á Bustarfalli í Vopnafirði búa ungu sauðfjárbændurnir Eypór Bragi Bragason og Þórdís Þórarinsdóttir. Á síðunni þeirra kemur fram að þeim er umhugað um loftslagsmálin og að verkefnið hafi vakið þau til meiri umhugsunar og aukið þekkingu þeirra á loftslagsmálunum. Í sínum loftslagsaðgerðum hafa þau lagt áherslu á kynbótastarf, fjölga lömbum til nytja eftir hverja á og ná þannig fram lægra kolefnisspori á hvert kíló dillakjöts. Þau hafa minnkað notkun tilbúins áburðar með bættum dreifibúnaði. Þau leggja einnig áherslu á landgræðslu, nytjaskógrækt og skjólbelti við tún sem veita lambfé skjólf á vorin og auka sprettu á túnum.

Á vefsíðunni segja Eypór og Þórdís: „Við byrjuðum í loftslagsvænum landbúnaði 2020 og vorum þar með í fyrsta þátttökubúnum. Við viljum láta okkur málefnið varða og taka þátt í að finna leiðir til þess að gera betur þar sem það er hægt, sérstaklega þar sem loftslagsvænar aðgerðir hafa oftast um leið jákvæð áhrif á reksturinn. Verkefnið hefur aukið þekkingu okkar á loftslagsmálum og vakið okkur til meiri umhugsunar.“



LOFTSLAGSVÆNN
LANDBÚNAÐUR

Merki verkefnisins.

Stóra-Mörk er þátttakandi í verkefninu og hlaut landbúnaðarverðlaunin 2024 fyrir innleiðingu loftslagsvænna búskaparháttanna. Á síðunni ná nálgast upplýsingar um þær aðgerðir sem hafa skilað þeim sem mestum árangri.


Bændur sem taka þátt í loftslagsvænum landbúnaði fá mjög góða fræðslu um sjálfbæra búskaparhætti, en einnig er mikill hvati fyrir þá til þess að innleiða slíka starfshætti. Loftslagsaðgerðir draga ekki einungis úr losun gróðurhúsalofttegunda og hjálpa til við að aðlagast breyttri heimsmynd, heldur auka þær einnig framleiðni og tekjur í landbúnaði. Ávinningur bænda af þátttöku í loftslags- og umhverfisverkefnum er ýmis, hann getur verið allt frá fjárhags- og markaðslegum ávinningi til þess að auka seiglu og sjálfbærni landbúnaðar. Tengslanetið stækkar og erlendar rannsóknir sýna að þeir bændur sem taka þátt í verkefnum á borð við Loftslagsvænan landbúnað eru tilbúin til þess að aðlagast breyttum kröfum frá stjórnvöldum vegna málaflökksins. Þeir leggja sitt af mörkum til að bregðast við loftslagsbreytingum sem hefur áhrif á samfélagið og orðspor landbúnaðar.

Höfundur er verkefnastjóri Loftslagsvæns landbúnaðar.

RÝMINGARSALA NOTUÐ OG NÝ PALLHÝSI

VERÐ FRÁ 790.000 KR.

VALHALLARBRAUT 891, 262 REYKJANESBÆR
SÍMI 849-2220 - WWW.PALLHYSI.IS



Á vefnum er Íslandskort þar sem hvert og eitt þátttökubú í verkefninu segir sína sögu, hvort sem þau eru að hefja vegferð sína til loftslagsvæns búskapar eða hafa verið í verkefninu lengur. Þegar ýtt er á punktana á kortinu er farið inn á undirsíðu hvers bæjar. Þar eru þátttakendur og bærinn þeirra kynntir til leiks. Þátttakendur segja frá því hvað loftslagsvænn landbúnaður hefur gert fyrir þá og kynna sínar helstu loftslagsaðgerðir.